

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja



Starfsárið
2008 - 2009

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2008-2009.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2008-2009 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Bjarni Halldórsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnandi: Hannes Kristinn Sigurðsson.

Varamenn í stjórn: Davíð Smári Hlynsson og Magnús Ingi Eggertsson.

Stjórn félagsins hélt á starfsári 18 stjórnarfundum og var mæting mjög góð.

Þetta starfsár hefur verið mjög annasamt, þar ber helst að nefna 90 ára afmæli félagsins.

Björgunarfélagið hélt stóra afmælisveislu þann 24. maí 2008 í Höllinni, þar mættu félagsmenn og velunnarar félagsins til veislu. Ingvar Jónsson (papi) var veislustjóri og Hljómsveitin Tríkot lék fyrir dansi fram á nótt. Stjórnin þakkar þeim sem mættu kærlega fyrir góða og velheppnaða kvöldstund.

Svd.Eykyndill færði okkur höfðinglega gjöf til bátakaupa.

Skeljungur færði okkur myndarlega gjöf í formi vöruúttektar einnig komu

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Björgunarsveitin Suðurnes, Björgunarsveitin Þorbjörn og Björgunarsveit Hafnarfjarðar færandi hendi.

Stjórn félagsins þurfti einnig að bregðast við gerbreyttu umhverfi í þjóðfélaginu. Strax í október á síðasta ári þegar efnahagshrunið skall á var brugðist við því með að skoða öll okkar útgjöld. Leitað var leiða til að draga saman allan almennan rekstrakostnað án þess að það bitnaði á hinu almenna félagsstarfi. Öllum stórum fjárfestingum var frestað um óákveðinn tíma. Ákveðið var að bíða með að kaupa mótór og fylgihluti á harðbotna bátinn sem við fjárfestum í síðastliðið sumar.

Gert er ráð fyrir að nýtt tekju skiptingarkerfi taki gildi eftir landþing. Helsta breyting frá fyrra kerfi er að sveitir fá úthlutað úr sjóðum S.L. eftir nokkrum breytum. Þarna er meðal annars um að ræða innra og ytra starf sveitar, starfssvæði, mætingar á viðburði á vegum S.L., unglingsdeild/nýliðaþjálfun og skráningar.

Þetta setur á okkur þá kröfu að vanda allar skráningar. Þar með talið notkun á tækjum og búnaði sveitar. Því öll notkun og allar æfingar og annað starf er okkur til tekna í þessu nýja kerfi.



Félagið tók þátt í 112 deginum þetta árið eins og undanfarin ár.

Skrifað var undir samning við Símann. Þessi samningur felur í sér að félagsmenn hringja frítt sín á milli.

Ríkisstyrkurinn vegna björgunarskipsins Þórs var tryggður þetta starfsárið en búast má við að það eigi eftir að reynast þyngra á næstu misserum.

Kvennaþing var haldið í vestmannaeyjum 11-13 september 2008. Félagsmenn voru Svd. Eykyndil innan handar við þingið.

Svd. Eykyndill hélt uppá 75 ára afmæli sitt á árinu.

Björgunarfélagið og Útvegsbændafélagið færðu Eykyndli fartölvu að gjöf í tilefni afmælis deildarinnar.

Stjórnin þakkar félagsmönnum Björgunarfélagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Útköll og verkefni.

16.júní 2008.

Útkall F1 Rauður. Skúta lenti í vandræðum utan við Eiðið. Björgunarskipið Þór fór til aðstoðar og fylgdi skútunni í land.

04.ágúst 2008.

Útkall F2 Gulur. Bátur í vandræðum utan við Eiðið.

12.ágúst 2008.

Útkall F2 Gulur. Hugsanlega maður í sjónum við Víkurfjöru. Björgunarskipið Þór fór út og var útifyrir skógarsandi þegar útkallið var afturkallað. Um gabb reyndist vera að ræða.

12.nóvember 2008.

Útkall F1 Rauður. Bátur að reka upp í klettsnefið. Gullberg VE vélarvana. Björgunarskipið Þór og hafnsögubáturinn Lóðsinn fóru til aðstoðar og Lóðsinn dró gullbergið til hafnar.

29.desember 2008.

Útkall F1 Rauður. Hlökkur VE strandaður rétt utan við höfnina. Björgunarskipið Þór fór til aðstoðar og dró bátinn til hafnar.

13.mars 2009.

Útkall F2 Gulur. Slasaður maður um borð í Erling SF. Björgunarskipið Þór fór til aðstoðar. Maðuinnt reyndist hafa misst framan af nokkrum fingrum. Þór flutti manninn til Vestmannaeyja þar sem hann fór til læknis til skoðunar og í framhaldinu var maðurinn fluttur til Reykjavíkur.

13.mars 2009.

Útkall F2 Gulur. Óveðursaðtoð umbeðið af lögreglu. Víða um bæinn voru farin að fjúka þök og annað lauslegt.

14.mars 2009.

Útkall F2 Gulur. Óveðursaðtoð umbeðið af lögreglu.

14.mars 2009.

Útkall F2 Gulur. Óveðursaðtoð umbeðið af lögreglu. Þakplötur að fjúka af húsi í Goðahrauni.



Almannavarnir og Svæðisstjórn

Töluvert var um verkefni hjá svæðisstjórn vegna flugslysaæfingar. Annars var ekki mikið starf hjá svæðisstjórn á þessu starfsári. Slysavarnafélagið Landbjörg færði svæðisstjórn tvær Tetra handtalstöðvar og færum við þeim bestu þakkir fyrir það. Almannavarnir settu upp fasta Tetra talstöð í stjórnstöð almannavarna.

Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) hefur verið með hefðbundnum hætti. Sett hefur verið TETRA talstöð í bílinn auk þess að leitarljós var sett á bifreiðina.

Rekstur Lunda2 (Hilux) hefur verið í þyngra lagi þetta starfsárið. Mikið af vandamálum með fjöðrunarbúnað að framan. Engar meiriháttar breytingar hafa verið gerðar þetta starfsárið.

Rekstur Lunda 3 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti, engar bilanir hafa komið upp. Þessi bíll er að koma vel út fyrir félagið. Olú- og viðhaldskostnaður mjög lítil.

Rekstur Lundi 4 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti. Aðeins hefur verið um að ræða reglubundið viðhald og enn er það að sanna sig hvað er gott að hafa einn svona snattbíl í þjónustu sveitarinnar.

Rekstur Lundi 5 (Yale) hefur verið með hefðbundnum hætti. Lyftarinn hefur sannað gildi sitt mjög vel, menn eru síst að skilja hvernig við komumst af án lyftara í sjóbúðinni.

Hálendisverkefni:

Í júlí tóku 6 félagar þátt í hálendisverkefni Landsbjargar á svæðinu norðan Vatnajökuls. Svæðið er mjög stórt en það nær frá Kistufelli í vestri að Eyjabökkum í austri og norður að Möðrudal. Á þessari viku sem við vorum þarna fengum við nokkrar aðstoðarbeiðnir og 3 félagar notuðu svo tækifærið og gengu á Herðubreið, en annars var þetta frekar róleg vika. Þar sem svæðið er mjög stórt urðu dagleiðirnar nokkuð langar og í lokin höfðum við keyrt yfir 2000 km. (fyrir utan akstur til og frá svæðinu).



Sjóbúðin.

Ekki var um neinar stórframkvæmdir að ræða í sjóbúðinni þetta starfsárið Nema að bætt var við hilluplássi í flugeldageymslunni.

Nú liggur fyrir að fara að flísaleggja eldhúsið og ganga frá skápum fyrir einstaklingsbúnað.

Húsið varð fyrir töluverðum skemmdum þegar rútbifreið brann við hlið þess.

Um er að ræða skemmdir á klæðningum utanhúss og einnig að rúður sprungu vegna hita.

Göngurall.

Göngurall var haldið 10maí 2008. Sex félagsmenn tóku þátt í rallinu en sú nýbreytni var á rallinu þetta árið að almenningi var gefinn kostur á að taka þátt. Nokkrir aðilar nýttu tækifærið.

Gert er ráð fyrir að rallið verði áfram opið almenningi.

Þjóðhátíð.

Félagið sá um flugeldasýningu á þjóðhátíð eins og undanfarin ár. Þessi vinna gekk mjög vel og sýningin heppnaðist vel.

Flugeldamál.

Flugeldasalan gekk nokkuð vel miðað við gerbreytt umhverfi í þjóðfélaginu. Við vorum að horfa á gríðarlega hækkun á innkaupsverði flugelda við reyndum þó að stilla hækkunum á útsöluverði á flugeldum mikið í hóf.

Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti. Mæting var nokkuð góð í söluna sem og frágangin eftir sölu.

Eins og fólk hefur orðið vitni af í umræðum um flugeldasölu og geymslur þá finnst okkur rétt að áréttta það að allt birgðahald sé unnið eftir reglugerð samanber aðskildar geymslur og sölustaði. En í mjög náinni framtíð þurfum við að bæta við lagerplássi fyrir söluna.

Því er ekki að leyna að lagerstaðan er mjög mikil og skýrist það einna helst af ástandinu í þjóðfélaginu.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Eiríkur Þorsteinsson hefur séð um þessa starfsemi félagsins. Á liðnu starfsári gekk salan með hefðbundnum hætti. Sú breyting átti sér stað í lok þessa starfsárs að Eiríkur óskaði eftir að fundinn yrði nýr aðili til að sjá um þessi mál fyrir félagið. Stjórn félagsins ákvað að bæta þessu við starf, starfsmanns félagsins.



Neyðarkall.

Salan gekk svona þokkalega og við höfum þá trú að ef meiri vinna væri lögð í þetta verkefni að salan myndi aukast til muna.

Námskeið og æfingar.

Flugslysaæfing var haldin í Vestmannaeyjum helgina 25-27 apríl. Þátttaka var með ágætum og voru menn almennt ánægðir með æfinguna.

Björgunarleikar B.V. voru haldnir laugardaginn 28.mars 2009. Framkvæmd leikanna heppnaðist vel og var þátttakan góð.

Nokkuð var um almennar æfingar á liðnu starfsári.

Faxastígur 38.

Ekki hefur verið um að ræða neinar stórframkvæmdir á liðnu starfsári.

Engu að síður liggur fyrir að húsnæðið þarfnast sárleg endurbóta samanber þak,glugga,klæðningar utanhúss og ýmis önnur verkefni innanhúss. Það er fyrirséð að ekki verður framhjá þessum framkvæmdum komist.

Frumherji Bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár. Umgengnin um bílskúrinn hefur lagast mikið eftir að einkanot á skúrnum voru bönnuð.

Félagsfundir

Félagsfundir á þessu starfsári voru fjórir og mæting var með ágætum. Þar var farið yfir hin ýmsu mál með félagsmönnum

Fundur-Þing.

Haustfundur Björgunarbátasjóða var haldinn í Poole Englandi helgina 30-31. ágúst 2008. Tveir félagar sóttu fundinn.

Formannafundur haldinn í apríl 2008 á Höfn í Hornafirði. Adolf sótti fundinn.

Fulltrúaráðsfundur var haldinn 22. nóvember 2008 í Reykjavík.Við sendum fulltrúa á fundinn

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Elvar Eðvaldsson sá um kennsluna. Þarna lærir æska Eyjanna þjóðaríþróttina sprang.



Heimasíða 1918.is

Heimasíða var opnuð formlega á síðasta starfári. Mikið af efni er komið inn á síðuna. Enn á eftir að setja nokkuð af efni inná síðuna og óskum við eftir áhugasömum aðilum til að aðstoða okkur við þetta verkefni.

Grundvöllur áhugaverðrar heimasíðu er að síðan sé lifandi og með fjölbreyttu efni og það okkar von að það gangi eftir..

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í skátaheimilið. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin.

Bátamál.

Rekstur Þórs hefur verið með þyngra móti. Það skýrist einna helst af hækkandi verði á vörum og þjónustu.

Skipið er nú komið talsvert til ára sinna og er farið að taka til sín í viðhaldi með tilheyrandi kostnaði.

Við keyptum harðbotna slöngubát á starfsárinu en lokafrágangi á honum var frestað vegna óvissu í samfélaginu. Báturinn er af Humber gerð og er það okkar von að unnt verði að ganga frá honum þegar gengið styrkist.

Búnaðarmál.

Keyptar voru tvær börur á starfsárinu. Um er að ræða svokallaðar grjónadýnur og hefur þær reynst svona ágætlega.

Nýliðapjálfun.

Þrátt fyrir breytt ástand í þjóðfélaginu var ákveðið að keyra þetta starf áfram með óbreyttu snið . Þó með ákveðnum áherslubreytingum sem snéru einna helst að breyttri notkun á tækjum sem og samstarfi við aðrar sveitir í námskeiðahaldi og öðru slíku.

Unglingadeild.

Þetta starf hefur gengið vel en í ljósi breytinga í þjóðfélaginu urðu smávægilegar breytingar á áherslum. Þarna er einna helst um að ræða notkun á tækjum og búnaði.



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS. FYRIR ÁRIÐ 2008-2009

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári .Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna í eyjasímaskránni sem og á heimasíðu félagsins.

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir
Guðný Óskarsdóttir

Nýliðastarf veturinn 2008 -2009

Fyrsta nýliðakvöld vetrarins var haldið um miðjan september og byrjuðu þá fjórir í nýliðum 1 og þrír í nýliðum 2. Voru sameiginlegir fundir haldnir á þriðjudagskvöldum. Yfir heildina var mætingin ágæt en eftir áramót varð smávægileg fækkun í hópnum.

Farið var yfir allt það helsta sem björgunarmaður þarf að vita, s.s. fyrstu hjálp, sjóbjörgun, leitartækni og fjallabjörgun. Einnig voru haldnar nokkrar alhliða æfingar og tóku þau einnig þátt í björgunarleikunum sem voru haldnir í lok mars.

Námskeið sem þau hafa sótt hafa öll verið haldin hér í Eyjum en vegna margvíslegrar ástæðna hefur þurft að fresta allnokkrum námskeiðum sem voru fyrirfram skipulögð og hefur það því miður bitnað á krökkunum. Var farið tvisvar uppá land í gönguferðir, fyrri ferðin var uppá Bláfell og sú síðari var farin um páskana en komumst bara 2 nýliðar með í för þá. Förlinn var heitið uppá Eyjafjallajökul þar sem við byrjuðum gönguna í Skógum og gengum uppá Fimmvörðuháls þar sem sofið var í 2 nætur.

Veturinn hefur verið mjög reynslurík og skemmtilegur. Þökkum kærlega fyrir samstarfið.

Ásgeir Guðmundsson
Óðinn Benónýsson
Lórey Rán Rafnsdóttir



Unglingadeildarstarf veturinn 2008-2009

Starfið hjá okkur hófst í byrjun september. Smá breytingar urðu frá síðasta starfsári, breytingarnar voru þær að ákveðið var að hætta við að taka 8.bekk inn í starfið, eins og í fyrra, þannig að í ár voru einungis 9 og 10.bekkjarkrakkar í starfinu. Starfið byrjaði vel og á fyrsta fund mættu um 60 krakkar í dag standa eftir 20 krakkar og teljum við það nokkuð gott.

Það sem við höfum verið að gera með krakkana í vetur er t.d. skyndihjálparkynning og æfingar tengdar því, höfum farið í gönguferðir, fjöruferð, fjallgöngur, klifurvegginn, farið að síga, farið út á Þór, hoppað í sjóinn, héldum léttu fjarskiptakynningu og vorum svo með ratleik tengdan því.

Þann 15.Mars síðastliðinn safnaði unglíngadeildin áheitum með því að síga 3515 metra samtals á rúmum 4 klukkustundum og létu krakkarni það ekkert á sig fá þó að á meðan þau sigu skall á hriðarbylur í um hálfu klukkustund, en héldu samt áfram. Upphæðin sem safnaðist var um 115.000 krónur sem unglíngadeildin mun nota í ferð sem við erum að fara í núna í vor.

Unglíngadeildin hefur verið í samstarfi við allar sveitir að á svæði 3 (selfoss og nágrenni) og fengum við t.d. til okkar um 80 manna hóp úr þeim unglíngadeildum í heimsókn til okkar síðasta haust og heppnaðist sú helgi fullkomlega. Svo núna í lok mars fengum við í heimsókn til okkar unglíngadeildina Skúla sem einnig er af svæði 3 og er áætlað að við förum í heimsókn til þeirra í maí.

Áætlað er að senda 3 meðlimi deildarinnar á framhaldsnámskeið útivistarskólans í sumar og er þeir orðnir mjög spenntir.

Krakkarnir hafa verið að standi sig með mikilli þrýði og vetur og erum við umsjónarmennirnir mjög ánægð með þau. Vonum að þau hafi skemmt sér jafnvel og við í vetur og hlökkum til að starfa með þeim á næstu árum innan félagsins.

Sindri Valtýsson
Elvar Þór Eðvaldsson
Lórey Rán Rafnsdóttir

Úr skipsbók Björgunarskipisins Þórs.

24.maí 2008

Siglt til móts við Fiskaklett bát björgunarsveitar Hafnafjarðar.

26.maí 2008

Ferð með unglिंगadeildina út í Stafsnes.

29.maí 2008

Farinn smá hringur með ferðamenn

30.maí 2008

Farið í Viðlagafjöru að aðstoða Lóðsinn að sækja grjót. Verkefnið mistókst og í kjölfarið var farinn æfingatúr.

31.maí 2008

Aðstoð vegna sjómanadags.

31.maí 2008

Farinn smá æfingatúr í kringum Heimaey.

6.júní 2008

Farinn smá æfingatúr í kringum Heimaey.

9.júní 2008

Smá æfingatúr innan hafnar.

11.júní 2008

Farinn smá æfingatúr í kringum Heimaey. Komið við í Brandi,Álsey og Bjarnarey.

4.júlí 2008

Kraftur í kringum Ísland tuðrunum fylgt í höfn í eyjum

6.júlí 2008

Æfingaferð í Stafsnes.

6.júlí 2008

Farið með hóp upp í Bakkafjöru.

7.júlí 2008

Farið með hóp fjölmiðlamanna upp í Bakkafjöru.

7.júlí 2008

Farin ferð út í Brand.

8.júlí 2008

Farið með fjölmiðlamenn út í Kapalskip norðaustan við eyjuna.

8.júlí 2008

Farið með fréttamann RÚV út að Surtsey.

22.júlí 2008

Æfingaferð út í Elliðaey.

25.júlí 2008

Farið með hóp úti Bjarnarey. Snúið við vegna myrkurs.

26.júlí 2008

Farið með hóp út í Bjarnarey

26.júlí 2008

Farið með mannskap út í Brand.

28.júlí 2008

Farið út í Brand og sóttir menn.

30.júlí 2008

Farið út fyrir klettsnef til að prufa hjartastuðtæki.

3.ágúst 2008

Náð í fólk að beiðni Þjóðhátíðarnefndar upp í Bakkafjöru.

4.ágúst 2008

Farið með hóp í Bakkafjöru að beiðni Þjóðhátíðarnefndar.

6.ágúst 2008

Köfunarferð í Klettsvík síðan var farið hringinn í kringum eyjarnar

13.ágúst 2008

Æfing með þyrlu LHG í Stakkabót.

16.ágúst 2008

Farið út í Bjarnarey og sóttur mannskapur.

4.september 2008

Farið með tvo hópa ferðamanna fyrir Flugfélagið Ernir hringinn í kringum eyjarnar.

5. september 2008

Farinn smá æfingatúr í kringum Heimaey og síðan upp í Bakkafjöru.

7. september 2008

Farinn smá æfingatúr í kringum Heimaey og síðan upp í Bakkafjöru.

12. september 2008

Farið hringinn í kringum Heimaey með konur af Kvænnaþingi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

15.september 2008

Æfingaferð með nýliðana út í Klettsvík.

18.september 2008

Farið með unga sjálfstæðismenn í smá skoðunarferð.

28.september 2008

Farið með kafara upp í Landeyjasand.Ekkert hægt að kafa vegna veðurs.

30.september 2008

Farið upp í Landeyjasand til að koma þar í land ljósleiðara.

1.október 2008

Farið með smalamenn í Elliðaey og Brand.

13.október 2008

Farið með unglिंगadeild B.V. út í Klettsvík.

15.október 2008

Farið með smalamenn út í Álsey.

21.október 2008

Æfingaferð með nýliða.

28.október 2008

Farið í mælingaferð í Bakkafjöru.

28.október 2008

Æfingaferð með nýliða.

30.október 2008

Farið í mælingaferð í Víkurfjöru.

6.desember 2008

Farið og æft sig að sigla í myrkri.

7.febrúar 2009

Æfingaferð með unglिंगadeildina.

14.febrúar 2009

Farinn smá æfingatúr.

5.mars 2009

Farinn smá æfingatúr.

21.mars 2009

Farnar tvær ferðir með unglिंगadeildir út fyrir klettsnef og til baka.

5.apríl 2009

Farin æfingaferð út í Stafsnes.

12.apríl 2009

Farinn smá æfingatúr.

13.apríl 2009

Farið með unglingadeildina í siglingu.